

Barnatrygging er samsett vernd fyrir börn og foreldra þeirra vegna afleiðinga sjúkdóma sem váttryggt barn getur fengið eða slysa sem hendir það. Um váttrygginguna gilda þessir skilmálar auk almennra skilmála félagsins nr. 001.

1. KAFLI	FRAMTÍÐARVERND	1
2. KAFLI	AÐLÖGUNARVERND	1
3. KAFLI	UMÖNNUNARVERND	2
4. KAFLI	SJÚKDÓMAVERND	2
5. KAFLI	LÍFTRYGGINGARVERND	4
6. KAFLI	IÐGJALDAFRELSI	4
7. KAFLI	ALMENN ÁKVÆÐI	4

Váttryggður er það barn sem tilgreint er á váttryggingarskírteini. Váttryggingartaki getur verið einn eftirtalinnna:

- Forsjáraðili váttryggðs barns.
- Foreldri váttryggðs barns án forsjár.
- Fósturforeldri sem hefur váttryggt barn í varanlegu fóstri.

## 1. KAFLI FRAMTÍÐARVERND

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur ef slys eða sjúkdómur veldur váttryggðum varanlegri örorku innan þriggja ára frá slysdegi eða upphafsdegi bótaskylds sjúkratímabils á grundvelli þeirrar váttryggingarfjárhæðar sem í gildi var á slysdegi eða við upphaf sjúkratímabils.

Með orðinu "slys" er hér átt við skyndilegan, utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum er þess þó eingöngu krafist að um skyndilegan atburð sé að ræða sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans. Með orðinu "sjúkdómur" er átt við að heilsa váttryggðs hafi versnað, enda þótt ekki sé slysi um að kenna í skilningi váttryggingarinnar. Sjúkdómur telst vera til staðar talið frá þeim degi þegar lækni er fyrst leitað. Sjúkdómar með læknisfræðileg tengsl teljast vera einn og hinn sami sjúkdómur. Einangrun vegna smits samkvæmt fyrirmælum opinbers aðila telst vera sjúkdómur

### 2. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum Örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Meta skal skerðingu á líkamlegri færni án tillits til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu. Við mat á örorku skal beitt hlutfallsreglu þegar við á. Sé áverka eða heilsutjóns váttryggðs ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta það sérstaklega með hliðsjón af töflunum. Ber matsmanni þá að styðjast við útgefnar örorkutöflur annarra landa eftir því sem frekast er unnt. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Lægri varanleg örorka en 10% bætist ekki. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir gefur ekki rétt til örorkubóta. Vegna missis eða bæklunar á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal meta örorku með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið. Örorkubætur eru ekki greiddar vegna slysa eða sjúkdóma sem eingöngu valda lýti eða vegna tannbrota. Örorkubætur greiðast í hlutfalli við grunnfjárhæð örorkubóta, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert örorkustig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert örorkustig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við örorku sem metin er 100% verða því 325% af grunnfjárhæð örorkubóta sem tilgreind er á váttryggingarskírteininu.

Læknisfræðileg örorka skal endanlega ákveðin þegar örorkumat váttryggðs telst raunhæft að mati trúnaðarlæknis félagsins. Örorkumat skal þó í fyrsta lagi eiga sér stað 1 ári eftir tjónsatburð en ekki síðar en við 20 ára aldur og í því tilfalli gildir ekki fyrningarákvæði 125 gr. VSL. Ef váttryggður hefur greinst með fleiri sjúkdóma en einn og/eða lent í slysi eða fleiri slysum en einu á váttryggingartímanum, miðast mat á varanlegri læknisfræðilegri örorku við heildarmat vegna allra bótaskyldra sjúkdóma og/eða slysa. Örorka sem hlýst af öðrum sjúkdómum, slysum eða öðrum atvikum sem falla ekki undir váttrygginguna á váttryggingartíma verður ekki metinn sem hluti af mati til greiðslu bóta.

## 2. KAFLI AÐLÖGUNARVERND

### 3. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur í formi eingreiðslu vegna breytinga á aðstæðum váttryggingartaka ef sjúkdómur eða slys leiðir til læknisfræðilegrar örorku váttryggðs og verður á váttryggingartímanum. Bætur greiðast í réttu hlutfalli við grunnváttryggingarfjárhæð aðlögunarbóta sem tilgreind er í váttryggingaskírteini án stighækkunar. Aðlögunarbætur greiðast aðeins ef ástandsmat á varanlegri læknisfræðilegri örorku nær að lágmarki 10%.

### 4. gr. Hvernig eru bætur ákvarðaðar?

Bætur greiðast samkvæmt örorkumati Framtíðarverndar eða ástandsmati sem alla jafna skal fara fram innan tveggja ára frá slysdegi eða upphafi veikinda.

### 3. KAFLI UMÖNNUNARVERND

**5. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Vátryggingin greiðir bætur vegna umönnunar á spítala eða í heimahúsi eða ef vátryggður þarf að gangast undir aðgerð erlendis. Bætur greiðast aðeins einu sinni vegna hvers bótaskylds slyss eða sjúkdóms eða heilsufarseinkenna sem tengjast þeim læknisfræðilega.

**6. gr. Umönnunarbætur**

Vátryggingin greiðir bætur allt að hámarki þeirrar vátryggingarfjárhæðar sem tilgreind er á vátryggingarskírteini, þegar vátryggður vegna sjúkdóms eða slyss er vistaður á sjúkrahöfnun og/eða þarfnast sólarhrings aðhlyningar samfara virkri meðferð. Standi meðferð yfir í samtals 30 daga á 120 daga tímabili greiðist helmingur vátryggingarfjárhæðarinnar en full fjárhæð greiðist ef meðferðin stendur yfir í samtals 60 daga á 120 daga tímabili. Með orðunum, „virk meðferð“ er átt við lyfjagjöf, þjálfun, læknis meðferð og almenna aðhlyningu og hjúkrun. Skilyrði bótaskyldu er að vottorð þess læknis sem annaðist vátrygðan á ofangreindu tímabili staðfesti vistun á sjúkrahöfnun og/eða umönnunarbörð og virka meðferð sem og tímabil.

**7. gr. Bætur vegna aðgerðar erlendis**

Vátryggingin greiðir bætur sem jafngildir þeirri vátryggingarfjárhæð sem tilgreind er á vátryggingarskírteini ef vátryggður þarf að gangast undir aðgerð erlendis vegna bótaskylds slyss eða sjúkdóms. Það er forsenda fyrir bótaskyldu að fyrir liggja staðfesting læknis sem annast hefur vátrygðan að nauðsynlegt sé að framkvæma aðgerðina erlendis.

### 4. KAFLI SJÚKDÓMAVERND

**8. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Vátryggingin greiðir bætur í formi eingreiðslu ef vátryggður greinist með einhvern af neðangreindum sjúkdómum sbr. nánari lýsingu í 11. gr. skilmála þessara:

- MS (heila- og mænusigg)
- Krabbamein
- Sykursýki (Diabetes Mellitus, tegund 1)
- Alvarleg brunasár
- Slímseigjusjúkdómur (Cystic Fibrosis)
- Liðagigt
- Alnæmi (AIDS) vegna stunguóhapps
- Sárarastilbólga (Colitis Ulcerosa)
- Crohn's sjúkdómur
- Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis)
- Góðkynja heilaæxli
- Líffæraflutningur
- Lokastig nýrnasjúkdóms

Bótaskylda er háð því að greining sjúkdóms hafi átt sér stað seinna en þremur mánuðum eftir gildistöku vátryggingarinnar. Bótaskylda er einnig háð því að vátryggður sé á lífi 30 dögum eftir að sjúkdómsgreining hefur fengist.

**9. gr. Nánari lýsing á sjúkdómstegundum Sjúkdómaverndar****MS (heila- og mænusigg)**

Heila- og mænusigg greint af sérfræðingi í taugasjúkdómum. Vátryggður verður að hafa taugakerfiseinkenni í a.m.k. sex mánuði eða haft a.m.k. tvö klínískt staðfest tímabil einkenna. Þessu til staðfestingar skuli einkenni afmýlingar og truflun hreyfinga og skynjunar vera dæmigerð ásamt greiningu á mænuvökva og niðurstöðum segulómrannsóknar.

**Krabbamein**

Sjúkdómur sem gefur sig til kynna með illkynja æxli, sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja frumna og íferð í vef. Sjúkdómstegund greininguna verður að sannreyna með afgerandi vefjarannsókn. Heitið krabbamein innifelur einnig hvítblæði og illkynja sjúkdóm í eitla og vessakerfinu ss. Hodginsjúkdóm.

**Undanskilið er:**

- hvers konar húðkrabbamein (þ.m.t. á vörum) að undanskyldum illkynja sortuæxlum
- öll æxli sem er vefjafræðilega lýst sem forstigseinkennum eða sem einungis sýna snemmbærar illkynja breytingar
- setbundið krabbamein, ekki ifarandi.

**Sykursýki (Diabetes Mellitus tegund 1)**

Sykursýki greind af sérfræðingi í barnalækningum eða lyflækningum. Fastandi blóðsykur verður í endurteknum sýnum að hafa verið hærrí en 8 mmol/l og vátryggður verður að hafa fengið meðhöndlun með insúlíni í meira en þrjú mánuði.

**Alvarleg brunasár**

Alvarleg brunasár eru þannig skilgreind að um þarf að vera að ræða þriðja stigs brunasár sem þekja a.m.k. 20% af yfirborði líkama vátryggðs eða, ef þriðja stigs brunasár eru á andliti, þá þurfa brunasár að þekja a.m.k. 7% af yfirborði líkamans. Greining þessi þarf að vera staðfest af sérfræðingi.

**Slímseigusjúkdómur (Cystic Fibrosis)**

Slímseigusjúkdómur greindur af sérfræðingi í barnasjúkdómum. Vátryggður verður að hafa haft langvinnan lungnasjúkdóm og/eða skort á framleiðslu brissafa. Jafnframt verður svitapróf að sýna að styrkur klóríðs sé meiri en 60 mmol/l hjá 16 ára og yngri og meiri en 80 mmol/l hjá eldri en 16 ára.

**Liðagigt (barnaliðagigt / langvinn liðagigt)**

Liðagigt, barnaliðagigt eða langvinn liðagigt greind af sérfræðingi í gigtarlækningum. Með gigt er í öllu samhengi átt við liðbólgu og að minnsta kosti tvö af eftirfarandi einkennum: Hreyfikerðingu, hitaaukningu og sársauka.

**Liðagigt hjá 16 ára og yngri**

Gigt í fleiri en einum lið í meira en þrjá mánuði. Rannsóknir skulu hafa farið fram sem útiloka að einkennin stafi frá liðbólgu tengdri sýkingu, smitandi liðsjúkdómi, bæklunarsjúkdómi, áverkum, óeðlilegri nýmyndun vefja, ónæmishöfnun og æðabólgu.

**Liðagigt hjá eldri en 16 ára**

Að minnsta kosti fjögur af eftirfarandi sjö einkennum skulu vera til staðar:

- Morgunstirðleiki (stirðleiki í og kringum liði sem varir meira en 1 klukkutíma)
- Liðbólga í þremur eða fleiri af eftirfarandi liðum samtímis: úlnliður, nærkjúkuliður fingra, miðkjúkuliður fingra, olnbogi, hnéliður, öklaliður og tábergliðir
- Liðagigt í eftirfarandi liðum handarinnar: úlnliður, nærkjúkuliður fingra eða miðkjúkuliður fingra
- Samhverf liðagigt (liðagigt í sömu liðum á hægri og vinstri helmingi líkamans á sama tíma)
- Gigtarhnútar
- Jákvæðir gigtarþættir
- Dæmigerðar röntgenbreytingar á handa- og úlnliðsmyndum.

Einkenni a-d verða að hafa verið til staðar í minnst 6 vikur. Einkenni b-e verða að hafa fundist af sama lækni og greindi sjúkdómminn.

**Alnæmi (AIDS) vegna stunguóhapps)**

Eyðniveirusmit af völdum stunguóhapps sem vátryggður verður fyrir af völdum nálar sem skilin hefur verið eftir á leiksvæðum og útivistarsvæðum. Öll óhöpp sem mögulega geta leitt til bótakröfu verður að tilkynna til félagsins innan 7 daga frá óhappinu. Með tilkynningunni skal óhappaskýrsla fylgja ásamt staðfestingu á neikvæðri niðurstöðu úr HIV mótefnaeiningu sem tekin var strax eftir óhappið. Breyting í jákvætt próf (seroconversion) skal hafa gerst innan 6 mánaða frá óhappinu.

**Sáraristilbólga (Colitis Ulcerosa)**

Sáraristilbólga, greind af sérfræðingi í meltingarsjúkdómum.

**Crohn's sjúkdómur**

Crohn's sjúkdómur, greindur af sérfræðingi í meltingarsjúkdómum.

**Heilahimnubólga af völdum bakteríusýkingar (Bacterial Meningitis)**

Ótvíræð greining heilahimnubólgu af völdum bakteríusýkingar sem leiðir til varanlegs taugaskaða í a.m.k. 3 mánuði eftir greiningu. Greiningin verður að vera staðfest með ræktun sjúkdómsvaldandi baktería frá heila- og mænuvökva.

Undanskilin er heilahimnubólga af völdum veiru eða sníkjudýra og heilahimnubólgu sem ekki er af völdum sýkinga eða smits (nonbacterial, aseptic).

**h. Góðkynja heilaæxli**

Ótvíræð greining góðkynja heilaæxlis, sem staðsett er innan höfuðkúpu og á upptök sín í heilavef, heilahimnum eða heilataugum. Beita verður a.m.k. einni af eftirtöldum meðferðum til að meðhöndla meinið:

- Skurðaðgerð til að fjarlægja meinið að fullu eða að hluta.
- Aðgerð með útvarpsbylgjum (stereotactic radiosurgery).
- Geislameðferð (external beam radiation).

Sé engin ofantaldra meðferða talin möguleg þurfa að hafa verið til staðar viðvarandi einkenni skertrar taugastarfsemi í a.m.k. þrjá mánuði frá greiningu. Greiningin skal staðfest af sérfræðingi í taugalækningum eða taugaskurðlækni og studd niðurstöðum myndrannsóknna.

Undanskilin eru:

- Greining og meðferð blaðra (cysts), hnúða (granulomas), vaxtarvilluæxla (hamartomas) eða galla í slagæðum eða bláæðum heilans.
- Æxli í heiladingli.

#### i. Líffæraflutningur

Aðgerð þar sem váttryggður þiggur:

- Hjarta eða nýra
- Lifur, briskirtil og lunga að hluta eða heild, smáþarma eða bris.
- Beinmerg
- Hluta af eða allt andlit, handlegg, hönd eða fót.

Ástand fyrir aðgerð verður að hafa verið ólæknandi með öðrum hætti og staðfest af sérfræðingi.

#### j. Lokastig nýrnasjúkdóms

Langvinn og óafturkræf nýrnabilun í báðum nýrum sem leiðir annað hvort til reglulegrar blóðskilunar (haemodialysis) eða himnuskiljunar (peritoneal dialysis) eða til ígræðslu á nýra. Sérfræðingur í nýrnalækningum skal meta skilunina læknisfræðilega nauðsynlega.

Undanskilin er bráð, afturkræf nýrnabilun sem krefst tímabundinnar nýrnaskilunar.

#### 10. gr. Sérstök takmörkun á bótaskyldu í Sjúkdómavernd

Bætur greiðast einu sinni vegna hverrar sjúkdómstegundar skv. 10. og 11.gr. skilmálanna en váttryggingin gildir áfram fyrir aðrar sjúkdómstegundir sem þar koma fram. Þetta þýðir t.d. að aðeins einu sinni fást greiddar bætur Sjúkdómaverndar vegna allra hugsanlegra krabbameinstilvika.

Ef bætur vegna Sjúkdómaverndar eru greiddar greiðast bætur Aðhlyningarverndar ekki vegna sama sjúkdómsástands.

## 5. KAFLI LÍFTRYGGINGARVERND

#### 11. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin greiðir bætur ef váttryggður deyr á váttryggingartímanum.

## 6. KAFLI IÐGJALDAFRELSI

#### 12. gr. Skilyrði greiðslu iðgjaldafrelsis

Ef váttryggingartaki barnatryggingar, yngri en 65 ára, fellur frá á gildistíma váttryggingarinnar, greiðir félagið iðgjald váttryggingarinnar út samningstíma hennar. Það er þó háð því skilyrði að váttryggingin hafi verið í gildi í 24 mánuði þegar andlátíð ber að höndum.

## 7. KAFLI ALMENN ÁKVÆÐI

#### 13. gr. Undanþágur

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

- Sjúkdóma, slysa, líkamsáfgalla eða andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands hafi einkenni þessa sýnt sig áður en váttryggingin tók gildi.
- Meðfædds sjúkdóms, meðfædds líkamsáfgalla eða meðfædds andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands ef talið er líklegt samkvæmt læknisfræðilegri reynslu; að það hafi verið til staðar frá fæðingu eða eigi rót sína að rekja til sjúkdóms á fyrsta mánuði þar í frá eða að tilhneigingin til slíks ástands hafi verið til staðar við fæðingu. Ef einkennin koma fyrst í ljós þegar barnið er orðið 1 árs gilda takmarkanir samkvæmt þessari málsgrein ekki.
- Eftirtalinn sjúkdóma, heilkenna eða ástands án tillits til hvenær fyrstu einkenni koma fram:
  - ADD-DAMP-ADHD (athyglisbrestur, misþroski og athyglisbrestur með ofvirkni)
  - OCD (árátta og þráhyggja)
  - Aspergers heilkenni
  - Tourettes heilkenni
  - hvers konar andlegur seinþroski/þroskaröskun
  - einhverfa
  - lesblinda eða aðrar námsraskanir

- geðrænar raskanir. Með geðrænum röskunum er t.d. átt við persónuleikatrufnanir, átraskanir, taugageðrænar raskanir, hugraskanir, kvíða, þunglyndi eða langvinna þreytu. Þessi undanþága á þó ekki við um Umönnunarvernd.

d. Sjúkdóma sem rót eiga að rekja til misnotkunar áfengis, lyfja eða vímuefna svo og feegrunar- eða lýtaaðgerða.

14. gr. **Tímatakmörk**

Félagið váttryggir ekki börn yngri en eins mánaða og váttrygging fellur úr gildi er váttryggður nær 20 ára aldri. Váttryggingin tekur ekki til nokkurra sjúkdóma sem sýna einkenni innan þriggja mánaða frá því að váttryggingin gekk í gildi.

15. gr. **Aldurstengdar takmarkanir vegna 16 ára og eldri**

Hafi váttryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að váttryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins. Váttryggingin nær ekki til slysa er verða í hvers konar akstursíþróttum, bardagaiþróttum, fjallaklifri, klettaklifri, bjargsigi, froskköfun, drekaflugi, svifflugi og fallhlífarstökki og/eða íþróttum sem eru sambærilegar og eðlisskyldar.

16. gr. **Réttthafi bóta**

Bætur úr Barnatryggingu greiðast til váttryggingartaka. Þó greiðast bætur úr Framtíðarvernd váttryggðum sjálfum þegar endanlegt örorkumat liggur fyrir. Sé váttryggður ófjárráða við gjalddaga bóta greiðast bætur inn á bundin bankareikning í viðurkenndri fjármálastofnun á Íslandi, sem bundinn er til 18 ára aldurs.

**Skilmálar þessir gilda frá 12. febrúar 2025**